



MENNTASKÓLINN
ÁSBRÚ · GAMEDEV

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

STÚDENTSPRÓF MEÐ ÁHERSLU Á TÖLVULEIKJAGERÐ

Haustið 2019 hófst kennsla til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð við MÁ. Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið við Menntaskólann á Ásbrú tekur mið af þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.





KJARNINN SNÝST UM TÖLVULEIKJAGERÐ

Tölvuleikjakjarninn samanstendur af sex áföngum í tölvuleikjagerð, markaðsfræði, frumkvöðlafræði, margmiðlun, heimspeki, forritun, eðlisfræði - og listgreinum í bundnu vali.

KENNSLUHÆTTIR SEM HÆFA NÚTÍMA NEMENDUM

Nútíma kennsluhættir, vendinám,
þverfagleg vinna og verkefnamiðað
vinnulag. Engin lokapróf og fjölbreytt
námsmat sem sinnt er jafnt og þétt.

Nútímalegt, sveigjanlegt staðnám.

Upphaf vinnudags seinkað í
svartasta skammdeginu.





VINNUAÐSTAÐA Í SÉRKLASSA

Vinnuaðstaða nemenda er sérstaklega sett upp til þess að skapa aðlaðandi starfsumhverfi á nútímalegan og fjölbreyttan hátt þar sem nemendum líður vel og langar til þess að sinna vinnu sinni.

SAMSTARF VIÐ ATVINNULÍFIÐ OG HÁSKÓLAUMHVERFIÐ

Við erum í nánum tengslum við bæði atvinnulífið og háskólaumhverfið í uppbyggingu brautar, þróun áfanga og vegna nemendaverkefna í hugverkaiðnaði. Nemendur vinna verkefni í beinu samstarfi við sérfræðinga í atvinnulífinu og öðlast ómetanlegt tengslanet.





ÖFLUGT OG SKEMMTILEGT FÉLAGSLÍF

Nemendafélag Menntaskólans á Ásbrú (NFMÁ) var stofnað í september 2019. NFMÁ byrjaði strax í upphafi haustsins að halda viðburði í 88 húsinu í Reykjanesbæ og í nóvember hélt félagið sinn fyrsta viðburð í húsakynnum MÁ. Fyrsti viðburðurinn innanhúss var sólarhrings LAN mót. Störf nemendafélagsins eru í mótunarferli og mun eflast með hverju árinu sem er framundan. Haustið 2020 tekur NFMÁ í notkun nýuppgert rými fyrir starfsemi sína.

BREIÐUR GRUNNUR TIL FRAMHALDSNÁMS


Námið veitir gríðarlega breiðan grunn til framhaldsnáms á háskólastigi, með færni til framtíðar að leiðarljósi – nemendum gefst rúmur kostur á að leggja sínar eigin áherslur með valgreinum. Öflugir námsráðgjafar eru nemendum innan handar og leiðbeina þeim allan námsferilinn.





INNTÖKUSKILYRÐI

Inntökuskilyrði eru hæfnieinkunn B í ensku, íslensku og stærðfræði í lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.





NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÁMIÐ

Nánari upplýsingar á
samfélagsmiðlum og vefsíðunni okkar.
Fjarfundakynningar er einnig hægt að
bóka á **menntaskolinn@keilir.net**

menntaskolinn.is
instagram.com/menntaskolinnasbru
facebook.com/menntaskolinnasbru



MENNTASKÓLINN
ÁSBRÚ • GAMEDEV